

1. SÖLUHEITI EFNIS, NAFN, HEIMILISFANG OG SÍMI INNFLYTJANDA/SELJANDA

Söluheiti: A60 Herðir

Notkun efnis: Herðir

Dreifing og sala: ORKA ehf, Stórhöfða 37, Reykjavík, Sími: 586 1900
www.bilrudur.is

Framleiðandi: MIPA AG, Am Oberen Moos 1, D-84051 Essenbach, Germany.

Neyðarsími framleiðanda: 0049 8703 9220

Sími neyðarlínu Lögreglu, Sjúkraliðs og Slökkviliðs: 112

Sími eitrunarmiðstöðvar Landspítala HS: 543 2222

2. HÆTTULÝSING:



Varúðarmerkingar: Xi: Ertandi

Upplýsingar varðandi sérstaka áhættu gagnvart mönnum og umhverfi:

Vöruna þarf að merkja samkvæmt ákvörðun „General Classification guideline for preparations of the EU“ í síðustu útgáfu.

Hættusetningar:

H10 Eldfimt

H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð

H 52/53 Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni








Inniheldur ísósýanat. Sjá upplýsingar frá framleiðanda

Þessi flokkun er gerð samkvæmt lista yfir Hættu- og varnaðarsetningar Umhverfisstofnunar 2010

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

-Eiginleikar efnis

-Lýsing: Efnablanda, innihaldi lýst hér fyrir neðan ásamt hættulausum íblöndunarefnum.

| Hættuleg innihaldsefni: | | |
|--------------------------------------|--|---------|
| CAS: 28182-81-2 NLP: 500-060-2 | Hexamethylene diisocyanate, oligomers  Xi; H43 | 50-100% |
| CAS: 112-07-2 EINECS: 203-933-3 | 2-butoxyethyl acetate  Xn; H20/21 | 10-25% |
| CAS: 123-86-4 EINECS: 204-658-1 | n-butyl acetate H10-66-67 | 2.5-10% |
| CAS: 64742-95-6 EINECS: 265-199-0 | Fljótandi naphtha (petroelum) lítið lyktandi  Xn,  Xi,  N; H10-37-51/53-65-66-67 | 2.5-10% |
| CAS: 822-06-0 EINECS: 212-485-8 | Hexamethylene-di-isocyanate  T,  Xi; H23-36/37/38-42/43 | <1.0% |

Viðbótarupplýsingar um hættusetningar eru í kafla 16.

4. SKYNDIHLJÁLP:

Almennt: Ef einkenni eitrunar koma fram eða grunur leikur á eitrun skal í öllum tilvikum haft samband við lækni. Einkenni eitrunar geta jafnvel komið fram eftir nokkra klukkutíma og þess vegna er nauðsynlegt að fylgjast með viðkomandi í 48 tíma eftir að slys verður.

Eftir innöndun: Komið viðkomandi undir bert loft og notið öndunarhjálpu ef nauðsynlegt er; hafið samband við lækni. Ef viðkomandi missir meðvitund, leggið hann í hliðarstöðu fyrir flutning.

Snerting við húð: Þvoið tafarlaust með vatni og sápu og skolið vel.

Snerting við augu: Fjarlægjið snertilinsur. Haldið augnlokum uppi og skolið stöðugt undir rennandi vatni í minnst 10. Mín. Leitið læknaástoðar.

Inntaka: Ef einkenni koma fram, leitið læknaástoðar.

5. ELDSVOÐI: VIÐBRÖGÐ

Slökkviefni – aðferð: CO₂, sandur, slökkviduft. Notið ekki vatn.

Sprautið ekki vatni á eldinn.

Við eldsvoða geta eftirfarandi efni myndast:

Köfnunarefnisoxíð - Nitrogen oxides (NO_x)

Kolsýrlingur – Carbon monoxide (CO)

Hydrogen cyanide (HCN)

Varúðarbúnaður: Viðeigandi öndunargrímur.

6. EFNALEKI

Til varnar starfsmönnum: Notið hlífðarfatnað og annan hlífðarbúnað. Haldið starfsmönnum án hlífðarbúnaðar fjarri.

Til varnar umhverfi: Tilkynnið viðkomandi yfirvöldum um hættu á að efnið vætli út í grunnvatn eða niðurföll. Komið í veg fyrir að efnið renni í niðurföll eða út í vatnskerfi.

Uppsöfnun /þrif: Notið efni sem eru óeldfim og binda vökva, t.d. sand, sag, kísilgúr eða vikursalla til að hreinsa efnið upp og setjið í viðeigandi ílát. Tryggið að loftræsting sé næg og skolið ekki með vatni eða hreinsiefnum blönduðum með vatni.

-Afmengið tafarlaust með hentugri blöndu (eldfimri):

| | |
|-------------------------------|---------|
| Vatn | 45 Vol% |
| ethanól eða ísóprópanól | 50 Vol% |
| ammóníaklausn (Density= 0.88) | 5 Vol% |

-Valmöguleiki (óeldfimt):

| | |
|-----------------|---------|
| natríumkarbónat | 5 Vol% |
| vatn | 95 Vol% |

Notið sama efni til að afmenga allar leifar og leyfið að standa í nokkra daga í ólokuðum umbúðum þangað til engin frekari viðbrögð koma fram. Þegar þessu stigi hefur verið náð, lokið ílátinu tryggilega og fargið í samræmi við gildandi reglur (sjá kafla 13).

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun: Tryggið góða loftræstingu á vinnustaðnum. Hindrið myndun úða. Starfsmenn sem þjást af asthma eða öndunarfærasjúkdómum ættu ekki að vinna með efnið án eftirlits læknis.

Upplýsingar sem varða eld- og sprengihættu: Reykingar og neyslu matar og/eða drykkjar skal banna á notkunarsvæði efnisins. Verjið gegn stöðuspennu.

Geymsla: Kröfur til geymslustaðar og íláta: Engar sérstakar kröfur gerðar

Geymsla með öðrum vörum í sameiginlegu rými: Geymið ekki með afoxunarefnum, þungamálmsblöndum, sýrum og basískum efnum. Geymist fjarri matvælum og fóðri.

Frekari upplýsingar um geymsluaðstæður: Geymist í tryggilega lokuðum umbúðum. Geymið fjarri oxiderandi efnum, sterkum basískum og súrum efnum, amínnum, alkóhóli og vatni.

Geymsluflokkur: 3

8. FORVARNIR – HLÍFÐARFATNAÐUR

Viðbótarupplýsingar: Sjá kafla 7.

| | |
|---|---|
| Innihaldsefni sem þarfnast aðgæslu á vinnustað: | |
| 28182-81-2 Hexamethylene diisocyanate, oligomers | |
| EBW () | Skammtímagildi: 0.5 mg/m ³ Framsetning matsgildis TRGS 430 (EBW) |
| 112-07-2 2 2-butoxyethyl acetate | |
| WEL () | Skammtímagildi: 50 ppm Langtímagildi: 20 ppm Sk |
| 123-86-4 n-butyl acetate | |
| WEL () | Skammtímagildi: 966 mg/m ³ , 200 ppm Langtímagildi: 724 mg/m ³ , 150 ppm |
| 822-06-0 hexamethylene-di-isocyanate | |
| WEL () | Skammtímagildi: 0.07 mg/m ³ Langtímagildi: 0.02 mg/m ³ Sen; as -NCO |

Hlífðarfatnaður og hlífðartæki:

Almenn varúð og þrif: Þvoið hendur fyrir matarhlé og við lok vinnu.

Geymið ekki nálægt matvælum, drykkjarvörum eða fóðri.

Fjarlægjið mengaðan og óhreinan fatnað strax.

Forðist snertingu og notið hlífðargleraugu.

Til verndar öndunarfærum: Sé efnasettun lofts umfram mengunarmörk í skemmri tíma skal starfsmaður nota viðeigandi öndunargrímu. Fyrir lengri tíma skal nota ferskloftsgrímur.

Hendur: Notið hlífðarhanska sé um síendurtekna snertingu við efnið að ræða. Prófið tegund hanska fyrir notkun (t.d. gagnvart efnaþoli og styrk) og fylgið leiðbeiningum framleiðanda um notkun, geymslu, hirðu og endurnýjun. Endurnýið skemmda eða slitna hanska tafarlaust.

Augu: Notið ávallt hlífðargleraugu ef hættu er á að efnið komist í snertingu við augu. Notið öryggisgleraugu sem falla þétt að.



9. EÐLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR.

Almennar upplýsingar:

Form/litur/lykt: Vökvi, litur samkvæmt lýsingu á vöru, sérkennandi lykt

Bræðslumark: Ótilgreint

Suðumark: 124°C

Blossamark: 35°C (DIN 53213)

Kveikjumark: 280.0°C (DIN 51794)

Sjálfkveikimörk: Efninu er ekki hætt við sjálfsíkveikju.

Sprengihætta: Efnið er ekki sprengifimt. Hins vegar getur það myndað sprengfimar gufur/lofttegundir.

Sprengimörk:

Neðri: 1.7 Vol %

Efri: 8.4 Vol %

Gufuþrýstingur við 20°C: 6.0 hPa

Eðlisþyngd við 20°C: 1.751 g/cm³ (DIN 53217)

Leysni í vatni: Uppleysanlegt

Seigja:

Hreyfiorka við 20°C: 33 s (DIN 53211/4)

Leysiefnainnihald:

Lífræn leysiefni: 23.5%

VOC (EC) 257.6 g/l

Magn fastra efna í innihaldi (þyngd-%): 76.5%

10. STÖÐUGLEIKI/HVARFAGIRNI

Niðurbrot við hita / aðstæður sem ber að varast: Ekkert niðurbrot ef efnið er notað í samræmi við leiðbeiningar.

Hættuleg efnahvörf: Engin hættuleg efnahvörf þekkt.

Hættuleg niðurbrotsefni:

Möguleg í leifum

Nítrógenoxíð – Nitrogen oxides (NOx)

Vetnisklóríð - Hydrogen chloride (HCl)

Vetnisblásýra – Hydrogen cyanide (prussic acid)

Kolmónoxíð

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Bráðaeitrun:

| | | |
|---|----------|----------------------|
| LD/LC50 gildi sem varða flokkun: | | |
| 112-07-2 butoxyethyl acetate | | |
| Inntaka: | LD50 | 2400 mg/kg (rat) |
| Snerting við húð: | LD50 | 1580 mg/kg (rabbit) |
| 64742-95-6 Fljótandi naphtha (petroleum), lítið lyktandi | | |
| Inntaka: | LD50 | >6800 mg/kg (rat) |
| Snerting við húð: | LD50 | >3400 mg/kg (rabbit) |
| Innöndun: | LC50/4 h | >10.2 mg/l (rat) |

Snerting við húð: Ertir ekki húð

Við augu: Ertir ekki augu

Erting: Getur valdið ofnæmi við snertingu við húð

12. SKAÐSEMI GAGNVART UMhverfi

Eituráhrif í umhverfinu:

Athugasemd: Hættulegt fiskum

Almennar upplýsingar: Hættulegt vatni og lífverum í vatni. Látið ekki óþynnt efni eða mikið magn af efninu komast í snertingu við grunnvatn, vatnsföll eða niðurföll.

Hættulegt drykkjarvatni, jafnvel við lítinn leka í grunnvatn.

13. TIL ATHUGUNAR VIÐ FÖRGUN

Vara:

Má ekki henda með venjulegu heimilissorpi. Látið ekki efnið komast í niðurföll eða ræsi.

Spilliefnaskrá (European Waste Catalogue)

08 01 11 afgangur af málningu og lakki sem innihalda lífræn leysiefni eða önnur hættuleg innihaldsefni

Óhreinsaðar umbúðir:

Fargið í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

14. UPPLÝSINGAR UM FLUTNING – STAÐALL/REGLUR

**Á landi:**

ADR/RID flokkur: 3 (F1) Eldfimir vökvar

Hættuflokkur (Kemler): 30

UN: 1263

Pökkunarflokkur: III

Hættumerking: 3

Lýsing á vöru: 1263 PAINT RELATED MATERIAL

**Á legi:**

IMDG flokkur: 3

UN: 1263

Merking: 3

Pökkunarflokkur: III

EMS númer: F-E, S-E

Sjávarmengun: Nei

Nafn: PAINT RELATED MATERIAL



Í lofti:

ICAO/IATA flokkur: 3

UN/ID númer: 1263

Merking: 3

Pökkunarflokkur: III

Nafn: PAINT RELATED MATERIAL

15. LÖG OG REGLUGERÐIR SEM VARÐA EFNID.

Efnið hefur verið flokkað og merkt samkvæmt gildandi reglum EU.

Varúðarmerkingar:

Xi Ertandi

Innihald sem ákvarðar varúðarmerkingar:

Hexamethylene diisocyanate, oligomers

Hættusetningar:

H10 Eldfimt

H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð

H52/53 Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

Varnaðarsetningar:

V2 Geymist þar sem börn ná ekki til

V23 Varist innöndun lofttegundar gufu/úða

V24 Varist snertingu við húð

V37 Notið viðeigandi hlífðarhanska

V43 Notið sand, koldíoxíð eða duftslökkvitæki við slökkvistarf. Notið aldrei vatn.

V46 Leitið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar

Sérstakar merkingar á sumum efnablöndum:

Inniheldur ísósíanöt. Sjá upplýsingar frá framleiðanda

| | |
|--|---------------------|
| Upplýsingar um takmarkanir við notkun: | |
| 112-07-2 2-butoxyethyl acetate | |
| 64-17-5 ethanol | |
| Flokkur | Hlutfall í % |
| I | <1,0 |
| NK | 10-25 |

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Þessar upplýsingar eru byggðar á núverandi þekkingu okkar. Samt sem áður skal þetta ekki teljast sem ábyrgð á neinum sérstökum eiginleikum vörunnar og skapar engin lagalega bundin samningstengsl.

Viðeigandi H-setningar:

| | |
|------------------|--|
| H10 | Eldfimt |
| H20/21 | Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð |
| H23 | Eitrað við innöndun |
| H36/37/38 | Ertir augu, öndunarfæri og húð |
| H37 | Ertir öndunarfæri |
| H42/43 | Getur valdið ofnæmi við innöndun og í snertingu við húð |
| H43 | Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð |
| H51/53 | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni |
| H65 | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku |
| H66 | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð |
| H67 | Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima |